

Háttvirtur ráðherra og kæru gestir.

Í dag útnefnir umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið Varðliða umhverfisins í 19. sinn.

Fulltrúar þeirra sem standa að keppninni skipa einnig valnefnd verkefnasamkeppinnar:

Anna Sigríður Einarsdóttir frá umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu

Sigurlaug Arnardóttir og Ósk Kristinsdóttir frá Landvernd

Stína Bang frá Miðstöð útivistar og útináms

Fjölbreytni og gæði verkefnanna sem tilnefnd voru til Varðliðasamkeppinnar í ár gefur forsmekk af öllu því mikilvæga umhverfisstarfi sem unnið er víða í skólum landsins. Verkefnin spanna fjölbreytt litróf umhverfismála og eru sum hver átak heils árgangs eða skólasamfélags þar sem nemendur t.d. reiknuðu út matarsóun skólans og unnu að lausnum, önnur sem virkjuðu hringrásarkerfið með því að skipuleggja umfangsmikla skiptimarkaði og sveitastjórnarkosningar ímyndaðs sveitafélags og tilbúinna stjórn málaflokka sem unnu að því að bæta nærsamfélagið í fjölbreyttum málaflokkum, þ.a.m. umhverfismálum.

Varðliðaviðurkenninguna 2026 hreppa hinsvegar nemendur í 10.

Þau Brekkubæjarskóla á Akranesi sem buðu skólasamfélaginu, fjölskyldum, gestum og gangandi í sannkallaða umhverfismálaveislu sem þau kölluðu FRÆÐSLUSMAKK. Nemendur köfuðu vandlega ofan í viðfangsefni að eigin vali, tengdu loftlagsbreytingum, urðu sérfræðingar á sínu sviði og miðluðu efninu til nærsamfélagsins með stórglæsilegu loftlagsmálahlaðborði.

Viðfangsefni Fræðslumakksins voru mörg og fjölbreytt. Þau spönnuðu breytt svið loftslags- og umhverfismála. Hver hópur kveikti áhuga samnemenda sinna og annarra gesta á viðfangsefninu, fræddi, útskýrði og sat fyrir svörum.

Meðal viðfangsefna var ósjálfbær neysla mannsins, flugsamgöngur, mengun hafsins, kóralrif heimsins, Greta Thunberg, matarsóun, ósonlagið, áhrif eldgosa á umhverfið, regnskógar, gróðurhúsaáhrif, bráðnum jökla, rafmagnsframleiðsla og rafbílar, svo eitthvað sé nefnt.

Með vinnu sinni öðluðust nemendur dýpri skilning á viðfangsefninu, sem þau miðluðu til nærumhverfisins og höfðu þar með áhrif á þau sem á hlýddu. Hóparnir beittu fjölbreyttum, og fjölskynja leiðum til að ná til gesta og koma boðskap sínum áleiðis. Mannlegar, munnlegar og staðbundnar kynningar, myndrænar framsetningar, tækni, vísindatilraunir, þátttökuaðferðir, áþreifanleg verkefni fyrir gesti, veitingar í þema viðfangsefnanna og listrænar framsetningar var meðal þess sem boðið var upp á og vakti athygli. Fræðslumakkið vakti gesti til umhugsunar um mikilvæga fleti umhverfismála og gaf hugmyndir af lausnum á umhverfisvandinum.

Það er mat valnefndar að nemendur 10. bekkja Brekkubæjarskóla séu þess verðug að vera Varðliðar umhverfisins 2026. Viðurkenninguna hljóta nemendur fyrir vel unnin verkefni, sem einkenndust af hugmyndaauðgi og skapandi nálgun, með áherslu á fræðslu, vitundarvakningu og miðlun á mikilvægum umhverfisiskilaboðum.

Sérstakt hrós fá kennarar og starfsfólk Brekkubæjarskóla sem lögðu jarðvegin að þessu verkefni og studdu við bakið á nemendum sínum, með frábærum árangri.

Verkefnasamkeppnin Varðliðar umhverfisins er samstarfsverkefni umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins, Landverndar og Miðstöðvar útivistar og útináms. Markmið keppinnar er að hvetja ungt fólk til góðra verka í umhverfisvernd, vekja athygli á sýn ungs fólks á umhverfismálum og valdefla yngri kynslóða á því sviði. Samkeppnin er opin öllum nemendum í 5. – 10. bekk grunnskóla hér á landi.